# Laugardagur 1. júlí

## SJÓNVARPIÐ

15.00 **Íþróttaþátturinn.** Svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
18.00 **Dvergaríkið (2).** (The Wisdom of the Gnomes). Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Dvergarnir Kláus dómari og Daníel aðstoðarmaður hans ferðast um víða veröld og kynnast dvergum af ólíku þjóðerni en höfuðóvinirnir, tröllin, eru þó aldrei langt undan. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn.** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir.** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Ærslabelgir.** – Gangið ekki á grasinu! –. (Comedy Capers – Keep off the Grass). Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna.
20.35 **Lottó.**
20.40 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í sjónvarpssal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
21.10 **Fyrirmyndarfaðir.** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.35 **Fólkið í landinu.** Svipmyndir af Íslendingum í dagsins önn. – Dóra í Menntó –. Sonja B. Jónsdóttir ræðir við Halldóru R. Guðmundsdóttur ljósmyndara.
22.00 **Ókunnur biðill.** (Love with a Perfect Stranger). Ný, bresk sjónvarpsmynd. Aðalhlutverk Marilu Henner, Daniel Massey og Dumont. Ung og auðug ekkja fer með lest til Flórens. Spákona hefur sagt henni að ástin sé á næsta leiti og víst er um það að enginn getur flúið örlög sín. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
23.40 **Fjárhættuspilarinn.** (Gambler III). – Seinni hluti –. Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 1983.
01.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með Beggu frænku.** Komið þið sæl og blessuð. Nú er ég sko í sumarskapi og við skulum gera eitthvað skemmtilegt saman og horfum á teiknimyndirnar Glóálfarnir, Óskaskógurinn, Snorkarnir og maja býfluga, Tao Tao og fleiri. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jógi.** Teiknimynd.
10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.15 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
12.00 **Ullarsokkar, popp og kók.** Íslenskur tónlistarþáttur endurtekinn frá föstudagskvöldi.
12.25 **Lagt í'ann.** Sigmundur Ernir ásamt fræknum vélsleðaköppum skoða sig um í Hveradölum. Endurtekinn þáttur frá síðastliðnu sunnudagskvöldi.
12.55 **Sjóræningjarnir í Penzance.** Pirates of Penzance. Ævintýra- og söngvamynd sem gerist árið 1885. Mikil fagnaðarlæti hafa brotist út á sjóræningjaskipi þegar áhöfninni bætist liðsauki hins unga nýgræðings Fredricks. Aðalhlutverk. Angela Lansbury, Linda Ronstadt og Kevin Kline.
14.40 **Ættarveldið.** Dynasty. Bandarískur framhaldsþáttur.
15.30 **Napóleon og Jósefína.** Napoleon and Josephine. Annar hluti endurtekinnar framhaldsmyndar um ástir og ævi Frakklandskeisara og konu hans. Aðalhlutverk: Jacqueline Bisset, Armand Assante, Stephanie Beacham, Anthony Higgins og Anthony Perkins.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Heilar tvær klukkustundir af úrvalsíþróttaefni bæði innlendu og erlendu. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heimsmetabók Guinness.** Spectacular World of Guinness. Kynnir David Frost.
20.25 **Ruglukollar.** Marblehead Manor. Snarruglaðir bandarískir gamanþættir með bresku yfirbragði. Aðalhlutverk Bob Fraser, Linda Thorson, Phil Morris, Rodney Scott Hudson og Paxton Whitehead.
20.55 **Fríða og dýrið.** Beauty and the Beast. Aðalhlutverk Linda Hamilton og Ron Perlman.
21.50 **Morð í Canaan.** A Death in Canaan. Ung hjón ákveða að flytja frá borgarysnum í New York og fyrir valinu verður lítill bær, Canaan, í Connecticut. Hún er blaðamaður og hann hefur verið í verðbréfaviðskiptum en ætlar að gerast ljósmyndari. Allt virðist stefna í það að þetta verði hið mesta róleg-heita líf. Óhugnanlegur atburður verður til þess að bæjarbúar skiptast í tvær fylkingar og það hriktir í hjónabandinu. Aðalhlutverk Stephanie Powers og Paul Clemens. Bönnuð börnum.
23.40 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
00.30 **Tony Rome.**
2.15 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ólafur Jens Sigurðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Maðurinn sem aldrei sofnaði yfir dagblaðinu. Lítil saga eftir Jean Lee Latham í þýðingu Þorsteins frá Hamri. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
9.20 **Sígildir morguntónar.**
9.40 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Fólkið í Þingholtunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Árni Hjartarson, Halldór Björnsson, Knútur R. Magnússon og Sigrún Óskarsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir. (Frá Vestmannaeyjum)
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin. Tilkynningar.
13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi, að þessu sinni Þorsteinn Hannesson efnafræðingur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.30 **Leikrit mánaðarins:** Dálítil óþægindi eftir Harold Pinter. Þýðandi: Örnólfur Árnason. Leikstjóri: Jón Viðar Jónsson. Leikendur: Erlingur Gíslason og Kristbjörg Kjeld. (Einnig Útvarpað annan sunnudag kl. 19.31.)
18.00 **Af lífi og sál.** Viðtalsþáttur í umsjá Erlu B. Skúladóttur. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir.** Elly Ameling og Jill Gomez syngja lög eftir Erik Satie og Arnold Schoenberg. James Galway leikur lög eftir Fritz Kreisler og Gabriel Fauré. (Af hljómdiskum)
20.00 **Sagan:** Vala eftir Ragnheiði Jónsdóttur. Sigrún Edda Björnsdóttir les (8.)
20.30 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Erlingur Vigfússon syngur íslensk og erlend lög. Ragnar Björnsson og Fritz Weisshappel leika með á píanó.
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir (Frá Akureyri)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Kæru landsmenn.** Meðal annars munu íþróttafréttamenn fylgjast með leikjum Víkinga og ÍBK og ÍA og FH í fyrstu deild karla á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Umsjón: Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur, að þessu sinni Sveinn Rúnar Hauksson.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
00.10 **Út á lífið.** Anna Björk Birgisdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jónatan Ólafsson sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Úr gömlum belgjum.**
07.00 **Morgunpopp.**
07.30 **Fréttir á ensku.**

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Pétur tekur púlsinn á þjóðfélaginu, ætlar meira að segja að kafa pínulítið dýpra. Andleg málefni, og allt þeim skylt, verða til staðar, mannlegt fram úr hófi. Viðtöl við forvitnilegt fólk, tónlist sem allir þekkja og sem hæfir tiltektinni á laugardagsmorgnum.
13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslögin og kveðjur í síma 61 11 11.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
14.00 **Kjartan „Daddi" Guðbergsson.** Hressilegir þættir þar sem leikin verður ný og gömul tónlist í bland.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturstjörnur.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Útvarp Kolaport. Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti, litið á mannlífið í miðborginni og leikin tónlist úr öllum áttum.**
15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
17.00 **Laust.**
18.00 **S-amerísk tónlist.** Ingvi Þór Kormáksson kynnir brasilíska tónlist.
19.00 **Laugardagur til lukku.** Gunnlaugur og Þór.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## ALFA FM·102,9

17.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
22.30. **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
00.30 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

8.00 **Stefán Baxter.**
12.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
16.00 **Stefán Baxter.**
18.00 **Kristján Jónsson.**
23.00– 8.00 **Sigurður Ragnarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **The Flying Kiwi.** Ævintýrasería.
5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.00 **Fjölbragðaglíma.**
12.00 **Kvikmynd.**
14.00 **Sara.** Ævintýraflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
16.30 **The Bionic Woman.**
17.30 **Those Amazing Animals.**
18.30 The Love Boat. Gamanmyndaflokkur.
19.30 **Kvikmynd.**
21.30 **Fjölbragðaglíma.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

15.00 **Savannah Smiles.**
17.00 **Prisoners of the Lost Universe.**
19.00 **Lucas.**
21.00 **Desperately Seeking Susan.**
22.45 **Bad Boys.**
01.05 **The Terminator.**

## EUROSPORT

9.30 **Knattspyrna.** Heimsmeistaramót unglinga undir 16 ára.
11.30 **Heimskautið lagt að velli.** Fyrsti hluti ævintýramyndar frá norðurslóðum.
12.30 **Hornabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
13.30 **Heimskautið lagt að velli.** Annar hluti ævintýramyndar.
14.30 **Rugby.** Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir víðs vegar að.
18.00 **Hjólreiðar.** Kynning á Tour de France, einni mestu hjólreiðakeppni heims.
18.30 **Rugby.** Ástralía keppir við Bresku ljónin.
20.00 **Frjálsar íþróttir.** Margir þekktir íþróttamenn keppa á Bislett leikunum í Osló.
22.00 **Golf.** US Seniors Golf. Keppni eldri golfleikara í Bandaríkjunum.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Tónlist og tíska.**
10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
10.30 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Hollywood Insider.**
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Flame Trees of Thika.**
13.00 **Flying High.** Gamanþáttur.
14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
14.30 **Tónlist og tíska.**
15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
16.30 **Körfubolti.** Úrslitakeppnin í NBA.
17.30 **Tískuþáttur.**
18.00 **Glorifying the American Girl.** Kvikmynd.
20.00 **Assassination Run.**
20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
21.30 **Blue Blood.** Kvikmynd.

### Rás 1 kl. 16.30:

# Dálítill verkur

## – leikrit mánaðarins

Leikrit mánaðarins er „Dálítill verkur" eftir breska leikskáldið Harold Pinter. Verkið var fyrst flutt í BBC árið 1959 en hefur síðar verið fært upp á sviði.

Edward og Flóra eru vel stæð roskin hjón sem lifa kyrrlátu og borgaralegu lífi á sveitasetri sínu. Tilvera þeirra er í föstum skorðum þar til dularfullur eldspýtnasali tekur sér stöðu við garðshlið þeirra. Návist hans gerir Edward órólegan en tilraun hans til að ná tökum á ótta sínum og kveða niður eldspýtnasalann – sem kannski er draugur úr fortíðinni – endar með því að líf þeirra hrynur til grunna.



**Höfundur leikrits mánaðarins er Harold Pinter.**

Leikritið er í ætt við absúrdisma sem stóð í miklum blóma á þeim tíma sem verkið var skrifað. Leikendur eru Kristbjörg Kjeld og Erlingur Gíslason og leikstjóri er Jón Viðar Jónsson.
-JJ



**Ungur maður er sakaður um að hafa misþyrmt og myrt móður sína.**

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Morð í Canaan

Stöð tvö frumsýnir kvikmyndina „Morð í Canaan". Ungur maður kemur að móður sinni sem er í andarslitrunum eftir að hafa verið illa leikin og svívirt. Hann kallar til lögreglu og læknalið en lögreglan handtekur hann og er hann grunaður um verknaðinn. Til sögunnar kemur blaðakona, nýflutt til bæjarins, og hyggst hún skrifa ítarlega um málaferlin.

Með aðalhlutverk fara Paul Clemens og Stefanie Powers. Myndin er frá árinu 1978 og segir kvikmyndahandbókin hana fyrir ofan meðallag.
-JJ

### Stöð 2 kl. 11.15:

# Einum drykk of mikið

Þessi mynd er úr þáttaröðinni „Fjölskyldusögur". Hér segir frá alvarlegu vandamáli margra, að blanda saman áfengi og akstri. Ungur og ráðvilltur háskólanemi á við drykkjuvandamál að stríða. Vinkona hans reynir, ásamt vinum þeirra, að hjálpa honum en allt kemur fyrir ekki. Það kemur að því að blandan verður banvæn, stútur undir stýri hlýtur að gera mistök.

Með aðalhlutverk fara Michelle Pfeiffer og Val Kilmer.
-JJ



**Rómantíkin blómstrar á Ítalíu.**

### Sjónvarp kl. 22.00:

# Ókunnur biðill

Ung auðug ekkja fer til Flórens í ferð sem á eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar í för með sér. Eins og hefur verið spáð fyrir henni hittir hún karlmann og verður ástfangin. Þetta er meginninntak nýrrar breskrar sjónvarpsmyndar sem sýnd verður í Sjónvarpinu.

Hins vegar eru karlmennirnir tveir, annar er lífsglaður Frakki, hinn er sérviskulegur Englendingur. Sjálf veit hún að fyrstu áhrif geta verið blekkjandi en vill hún gefa sinn eigin frama upp á bátinn fyrir ókunnan mann?

Marilu Henner leikur ekkjuna í þessu rómantíska leikriti sem gerist á Ítalíu. Hlutverk karlmannanna eru í höndum Daniel Massey og Sky Dumont.
-JJ